

Áfangalýsing:

Áfram eru nemendur þjálfaðir í því að greina og meta texta, mynd- og hlustunarefni. Munnleg og skrifleg tjáning er æfð en núna er enn frekari áhersla lögð á að færa rök fyrir máli sínu. Í þemavinnu er fjallað í víðu samhengi um staðhætti, menningu og íbúa hinna þýskumælandi landa.

Nemendur velja viðfangsefni sem gætu t.d. verið frægar persónur m.a. á sviði lista, vísinda, íþróttá og bókmennta. Einnig mætti fást við byggingarlist, landslag og áhugaverða staði.

Markmiðið er að nemendur skapi í sameiningu sem fjölbreyttasta mynd af þýskumælandi löndum og öðlist með því innsýn í mismunandi þjóðfélög og menningarheima. Þannig aukist skilningur þeirra á ágæti margbreytileikann.

Námsefni og kennslugögn:

1. Kvikmyndin Kebab Connection eftir Fatih Akin.
2. Hefti til sölu í afgreiðslu (smásögur og ljósrít úr Schritte International).
3. Spiegel online, Deutsche Welle og aðrir fjölmiðlar.
4. Deutsch perfekt og ýmis önnur tímarit.
5. Ýmsar smásögur frá kennara og val nemenda.
6. Tónlist frá þýskumælandi löndum.
7. Þýsk- þýskar orðabækur, t.d. Bedeutungswörterbuch eða Schüler-Duden.
8. Málfræði, Þýska fyrir þig.

Í þessum áfanga er ekkert lokapróf, heldur er hverjum hluta hans lokið með verkefni eða munnlegu prófi sem teljast til lokaeinkunnar.

Vinnueinkunn byggist fyrst og fremst á **mætingum og virkni í tímum** (munnlegri og skriflegri), einnig á skilum á verkefnum og almennri ástundun.

Námsmat:

- 10% Málfræðipróf 14. febrúar (3. vika)
- 15% Stuttmynd 10. mars (5. vika)
- 10% Ritun úr kvikmyndinni Kebab Connection 13. mars (7. vika)
- 10% Kynning á efni um Hamburg 19. og 20. mars (8. vika)
- 10% Kynning á tímaritsgrein 16. og 17. apríl (11. vika)
- 10% Þemaverkefni 11. maí (14. vika)
- 5% Framburðarpróf í 15. viku
- 15% Munnlegt parapróf í 15. viku
- 15% Vinnueinkunn (virkni í tímum, mæting, skilaverkefni, ástundun)

Mæti nemandi ekki til verkefnis eða prófs sem gildir til lokaeinkunnar tekur hann sjúkrapróf þegar hann kemur aftur í tíma en þarf jafnframt að skila inn læknisvottorði innan viku frá því að hann mætir aftur til skóla ef sjúkraprófið á að teljast til einkunnar. (Sbr. [Reglur um skólasókn á vef Menntaskólans](#)).

Nemendur skrifa **dagbók** hálfsmánaðarlega og svara eftirfarandi:

- Was habe ich die letzten zwei Wochen in Deutsch gemacht?
- Was habe ich gelernt?
- Was hat mir gefallen?
- Was hat mir nicht gefallen?

Á önninni verða reglulega lesnar smásögur úr hefti/að eigin vali sem nýttar verða til munnlegs prófs.

Einnig verður hlustað á tónlist þegar tími vinnst til á milli lota.

Námsáætlun:

1. – 3. vika: 2. - 18. febrúar Náms- og starfskynning í Rvk. 17. febrúar	Staðhættir, borgir, sambandslönd. Talæfingar. Málfræðimaræðun. Val um málfræðiatríði. Eyðufyllingarpróf 14. febrúar 10%.
4. - 5. vika: 19. febrúar – 3. mars	Sviðsett samtöl – mismunandi aðstæður: An der Hotelrezeption, Gespräche im Restaurant, Auskunft am Bahnhof, im Kaufhaus, private Einladungen Talverkefni sem hluti af þátttöku í stuttmyndakeppni á vegum Félags þýskukennara. Flutningur í kennslustund. Skil á stuttmynd 10. mars 2012. Gildir 15% af lokaeinkunn. Einnig bekkjarkeppni.
6. - 8. vika: 4. – 24. mars FER ferð 22. - 25. mars	Kvikmyndin Kebab Connection og verkefni tengd henni unnin. Þemað Tyrkir og Þjóðverjar. Heiður fjölskyldunnar. Unnið með Hamburg í tengslum við myndina. Tímaritun 10% úr kvikmyndinni 13. mars. Þör vinna myndasýningu/glærusýningu um eitthvað sem Hamburg er fræg fyrir. Kynning á þýsku 10% 19. og 20. mars. Dæmi: bygging, landfræðilegt fyrirbæri, persóna, hljómsveit, hverfi, íþróttalið, fyrirtæki, hátíð.
9. - 10. vika: 25. mars – 14. apríl Páskafrí: 31. mars – 11. apríl	Aktuelle Themen. Hvað er í gangi í þýskumælandi löndum? Útvarpsefni af Deutsche Welle. Textar úr tímaritum, t.d. Deutsch perfekt og vefsíðum og verkefni þeim tengd. Talæfingar: Diskutieren/seine Meinung sagen. Heimaverkefni: Hlustun af vef. Tímaverkefni 10% af einkunn: Kynning á grein að eigin vali. Kynning fer fram á þýsku. Nemendur útbúa lítið athyglispróf fyrir samnemendur sem þarf að skila kennara fyrirfram og er lagt fyrir í kennslustund. Kynnig 16. og 17. apríl (11. vika).
11. vika: 14. - 21. apríl	Spjallfærni. Speed date í kennslustund. Alvöru stefnumót við þýskumælandi íbúa á Akureyri á kaffihúsi. Skriflegt heimaverkefni.
12. - 14. vika: 22. apríl – 12. maí	Þemaverkefni: Matur, tónlist, frægir einstaklingar í þýskumælandi löndum. Nemendakynningar. Smakkað/hlustað/kynnst. Valverkefni. Frjáls framsetning. Einstaklingsverkefni 10% 11. maí.
15. - 16. vika: 13. - 22. maí.	Smásögur. Framburður. Talæfingar. Munnlegt próf 20%. Framburður 5% - einstaklingspróf. Lesinn texti og ólesinn. 15% parapróf – spjall/tjá skoðun/segja hvort öðru frá lesnum smásögum.

Með von um ánægjulegt samstarf - Harpa (harpa@ma.is)